

Þriðji fundur Gammadeildar í sal í Einholti, 4. apríl 2022, kl.19:30

Ritari: Hrefna Sigurjónsdóttir

Kveikt á kertum og fundur settur. Hildur var með manntal og Edda las upp kveðjur. Einhverjar kveðjur bárust frá fulltrúum úr sal. Því næst las Hrefna fundargerðir síðustu þriggja funda en ekki hafði gefist tækifæri til þess fram til þessa. Að lestri loknum var rætt um að senda fundargerðir ársins til Gammasystra til skemmtunar og upplýsingar. Var það samþykkt einróma.

Edda sagði frá því hvernig hugmyndin að erindi Bjargar hefði kviknað en það var út frá spjalli þeirra tveggja um að nú væri Björg nýhætt að kenna og komin á eftirlaun. „Mér datt nú í hug þegar ég las póstinn þinn að svona væri að tala af sér, en ég lærði það sem kennari að segja ekki nei, frekar já,“ svaraði Björg. Hún kallaði erindi sitt: *Kennari í 47 ár: 1974-2021*.

Tilurð erindisins var upphafleg sú að Björgu fannst snubbótt að hætta bara störfum án þess að kveðja og hafði samband við skólastjóra Kársnesskóla og spurði hvort hún mætti ekki halda erindi fyrir samstarfsfólk sitt um hvernig má halda starfsgleðinni sem kennari. Hún hugleiddi mikið hvað það er sem situr eftir? Það sem kemur henni helst á óvart er að hún tekur helst eftir því á sunnudögum að hún sé ekki að vinna. „Þá er maður að undirbúa sig andlega fyrir komandi viku,“ sagði hún. Það sem Björg telur að skipti öllu máli fyrir kennara er að trúa á nemendur! Þetta skiptir öllu máli og kallast í dag „vaxandi hugarfar.“

Þegar Björg var búin að kenna í þrjú ár fluttu þau hjónin til Ameríku, í tvö ár til Penn State og þar kynntist hún Svönu vinkonu sinni sem er einnig í Gammadeild og þær eru perluvinkonur enn þann dag í dag. Björg sagðist oft hafa verið spurð: „Ertu enn að láta börnin fara með ljóð?“ Ertu enn að hinu og þessu. Þegar við erum að taka upp nýjungar eigum við að skoða hverju þær bæta við og ekki hætta því sem virkar, þótt gamalt sé. Nota allar þær aðferðir sem okkur detta í hug og skoða kosti og galla. Stundum eru kennarar talaðir niður en Björg sagði að kennarar þurfi að muna að þeir eru fagmenn og standa í lappirnar með það.

Björg hvatti kennara til að vera duglega að breyta til en hafa alltaf í huga af hverju? Hvað græða nemendur? Björg hefur til dæmis alltaf haft mikinn áhuga á útikennslu og prófaði ýmislegt þar. Eftir 13 ára kennslu fékk Björg ársleyfi og ákvað að fara til Skotlands og kynntist þar söguaðferðinni. Hún hefur alltaf haft mikinn áhuga á samþættingu. Söguaðferðin breytti starfi Bjargar sem kennari en hún trúði einlæglega að aðferðin hentaði. Síðan eru liðin 30 ár og enn er verið að nota söguaðferðina í Kársnesskóla. Hún endaði á að skrifa um þetta meistararitgerð og hefur haldið ótal námskeið og fyrirlestra um söguaðferðina, kenndi hana m.a. í Kennaraskólanum.

Björg hvatti til að læra af samkennurum og muna að hafa alltaf í huga hvaða hæfniviðmið er verið að vinna með. Við þurfum að hafa faglegar umræður, þrátt fyrir að mikið sé að gera í skólanum. Endurmenntun er mikilvæg. „Gefið ykkur tíma til að hugsa. Farið í skólaheimsóknir og deilið þekkingu ykkar, ekki vera feimin við það,“ sagði hún ákveðin og bætti við: „Við erum oft að gera ýmislegt skemmtilegt og áhugavert sem hinir vilja heyra af.“

Við þurfum að skilgreina hvert er okkar hlutverk. Mikilvægt er að muna að við erum alltaf fyrirmyndir og þurfum að vera til fyrirmyndar. Öll þessi litlu atriði skipta svo miklu máli. Agi er ekki slæmur, það líður öllum miklu betur ef það er svolítill agi og vinnufriður. Kennarar þurfa að bera hag stofnunarinnar fyrir brjósti, engin stofnun er fullkomin en við lögum hana ekki með því að tala illa um hana. Tölum okkur frekar upp. Allir eiga að skipta sér af öllum nemendum, það þarf þorp til að ala upp barn. Við þurfum að setja bæði nemendum og foreldrum mörk því ef stöðugt er farið yfir mörkin okkar brennum

við út. „Verum góðir samstarfsmenn og hjálpum hvort öðru,“ sagði Björg að lokum og bætti við: „Niðurstaðan er sú að börn eru áhugaverð og frábær. Við getum hjálpað þeim að þroskast og vera manneskjur.“

Umræður að erindi loknu snerust m.a. um að við eigum að þora að segja frá þegar við erum að gera góða hluti og erum fyrirmyndir. Björg og Svana tala sífellt um kennslu, líka í sínum frítíma. Spurð hvort henni hafi þótt erfiðara að kenna í dag en á árum áður sagði Björg að oft væri erfitt að átta sig á hvort fortíðin væri í rósrauðum bjarma. Það sem henni finnst erfiðara er að það er eins og börnin kunni ekki þessi mörk. Þau leyfa sér meira og það þarf meira til að stoppa þau af. Fleiri dónalegir en var. En kosturinn er að þau tala meira, auðveldara að fá þau til að segja frá en erfiðara að fá þau til að hlusta. Ingibjörg Einarsdóttir skaut inn í að þau eru líka frjálssari sem er skemmtilegt. En foreldrarnir? Eru þeir erfiðir? Nei í raun ekki, en einhverjir örfáir. En kennarar verða að setja sér mörk og lesa t.d. ekki tölvupósta á kvöldin. Helga nefndi að dóttir hennar væri nýbyrjuð að kenna í Kársnesskóla og hafði orð á því hvað andinn og vinnustaðamenningin þar væri góð. Björg fékk að sjá menntakerfið frá mörgum hliðum. Hún vann á tímabili einnig á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Ingibjörg Einarsdóttir sagði frá því að þegar hún vann með henni á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og gengið hefði verið eftir henni að vera lengur sem kennsluráðgjafi hafi hún sagt: „Ég er bara kennari með stóru K-i“.

Eftir umræður var hópavinna á dagskrá. Yfirskriftin var: Horfum inn á við og lítum til framtíðar. Teknar voru saman niðurstöður hópa og þeim safnað saman. Gammasystur glöddust yfir að geta rætt saman og borið saman bækur sínar.

Eftir hópavinnu fengu allar konur lítil páskaegg með málshætti. Farið var yfir dagskrá næstu mánaða og gammakonur beðnar að taka frá laugardaginn 7.maí fyrir landsráðstefnu DKG á Grand Hótel í Reykjavík. Einnig var rætt um að taka frá mánudaginn 23. maí sem verður þá vorfundur og aðalfundur. Haldinn í Nauthóli um kvöldið. Einnig minnt á alþjóðlegu ráðstefnuna í New Orleans í júlí.

Rætt var um mætingu sem hefur verið frá u.þ.b. 18 til 25 konur á síðustu fundi en mæting var betri árið áður og þá oft á netinu. Það hefur verið spurt um hvort ætti að fjölga. Stjórnin beið með inntöku vegna covid og þá var lendingin sú að hvetja nýja stjórn til að taka inn nýjar konur. Erum núna 42 skráðar en ekki svo margar sem mæta. Landstjórnin ræddi um að taka að lágmarki inn tvær á nýju ári. Formaður hvatti til þess að ef við værum með uppástungur þá endilega koma með þær. Þær yrðu teknar saman og hafðar til taks fyrir nýja stjórn. Fram kom sjónarmið um að ef við værum of margar þá yrði ekki pláss í heimahúsi en á móti kemur að í raun mæta aldrei allar og ýmislegt má gera með góðum vilja. Þannig ekki er útilokað að taka inn nýjar konur. Að lokum voru lesnir upp málshættir við góðar undirtektir og fundi slitið.